



Kópavogur 11.05.2022

Til stjórnar LH

### ÚRSKURÐUR AGANEFNDAR L.H.

#### Mál nr. 1/2022:

Með tölvupósti sem barst nefndarmönnum í Aganefnd Lh þann 09.05.2022 var atviki sem vísað er til í mótsskýrslu á opna íþróttamóti Spretts, sem haldið var dagana 05.06.2022 – 08.05.2022 vísað til meðferðar hjá Aganefnd.

Í skýrslu mótanefndar segir eftirfarandi um atvikið. „*Tveir unglingar systkini mættu ekki í T7 forkeppni í unglingaflokk og barst engin afskráning frá þeim eða forráðamanni. Nöfn þeirra eru Jessica Ósk Lavender og Tristan Logi Lavender*“. Aganefnd lítur svo á að í skýrslu og athugasemdum yfirdómnefndar hafi falist kæra til aganefndar á grundvelli 3. mgr. greinar 2.8.8.

Samkvæmt 4. mgr. 2.8.8 ber yfirdómnefnd móts að skera úr um hvort fjarvistir keppenda séu fullgildar. Í mótaskýrslu málsins liggur hvorki fyrir að yfirdómnefnd hafi leitað eftir skýringum frá ofangreindum keppendum og forráðamönnum þeirra á fjarvistunum, né að afstaða hafi verið tekin til þess hvort fjarvistirnar hafi verið fullgildar, eins og ber að gera skv. umræddri 4. mgr. 2.8.8. Einnig liggur fyrir að heimild til að kalla viðkomandi og forráðamann fyrir nefndina var ekki nýtt.

Í máli þessu athugast að það er Aganefnd sem úrskurðar í keppnisbann en ekki yfirdómnefnd og ber Aganefnd því að skoða öll gögn sem fram hafa komið í málinu þar til úrskurður nefndarinnar liggur fyrir. Í málinu er upplýst í tölvupósti sem barst formanni Aganefndar frá forráðamanni umræddra unglinga að forráðamaður hafi gleymt að tilkynna um forföll og ekki vitað af reglu þess efnis að ávallt beri að afskrá formlega ef ekki er mætt til keppni.

Með hliðsjón af skýringum forráðamanns og ákvæðum greinar 2.8.8. metur Aganefnd það svo að forföll umræddra keppenda hafi ekki verið afsakanleg sem fullgild ástæða fyrir forföllum í skilningi greinarinnar. Skortur á því að fylgt væri ákvæðum 4. mgr. 2.8.8. af hálfu yfirdómnefndar er að mati Aganefndar og að fram komnum þeim skýringum sem liggja fyrir ekki nægjanlegt til að vísa málinu frá.

Með vísan til þess sem að framan segir og með vísan til þess sem fram kemur í dómi Dómstóls ÍSÍ í máli nr. 6/2021, um heimildir Aganefndar til að víkja frá lágmarks ákvæðum í lögum og reglum L.h. um mánaðar keppnisbann, með vísan til þeirra heimilda sem Aganefnd er talin hafa skv. reglugerð um Aganefnd frá 30. október 1999, er það mat nefndarinnar að úrskurða beri báða keppendurna, þau Jessicu Ósk Lavender og Tristan Loga Lavender í tveggja vikna keppnisbann frá og með mánudegi eftir mótslok íþróttamóts Spretts, 9. maí 2022, sbr. reglu nr. 8.5.8. Telur Aganefnda með vísan til þess að



---

báðir keppendur eru unglingar að víkja eigi frá ákvæðum um mánaðar keppnisbann í máli þessu skv. reglu 2.7.4.4.

### Úrskurðarorð

Jessicu Ósk Lavender og Tristan Loga Lavender eru úrskurðuð í tveggja vikna keppnisbann frá og með 9. maí 2022.

Úrskurð þennan skal stjórn LH birta kæranda.

Úrskurðinn má kæra til dómstóls ÍSÍ samkvæmt reglum ÍSÍ þar um.

### Aganefnd LH

Þorvaldur Sigurðsson, formaður  
Atli Már Ingólfsson, lögmaður  
Sæþór Fannberg